



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 5/2024

## Brot Stjórnugríss hf. gegn ákvörðun Neytendastofu

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Með bréfi Neytendastofu til Stjórnugríss hf., dags. 18. desember 2023, vísaði stofnunin til ábendingar sem hafði borist vegna notkunar félagsins á þjóðfána Íslendinga framan á umbúðum fyrir ákveðnar matvörur félagsins, þrátt fyrir að upprunaland þeirra væri tilgreint sem Þýskaland í smáu lettri á bakhlið umbúðanna.

Vísaði stofnunin í bréfi sínu til fyrri ákvörðunar í máli nr. 19/2023 þar sem stofnunin gerði það ljóst að félaginu hafi verið óheimilt að markaðssetja vörur sínar með broti úr íslenska fánanum þrátt fyrir að upprunaland vörunnar hafi í raun og veru verið annað land. Félaginu hafi því ekki átt að dyljast þær skyldur sem á því hvíldu í tengslum við notkun íslenska fánans í vörukynningum.

Í bréfi sínu vísaði stofnunin til 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og tók fram að ákvæðið leggi almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Þá vísaði stofnunin jafnframt til 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr. sömu laga. Í bréfinu var sérstaklega vísað til b. liðar 1. mgr. 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/29, sem var innleidd á Íslandi sem b. liður 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, til að skýra betur inntak ákvæðisins.

Auk framangreinds vísaði stofnunin sérstaklega til 3. – 5. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, þar sem fjallað væri um heimild fyrirtækja til að nota hinn almenna þjóðfána, m.a. á umbúðir. Óskaði stofnunin eftir skýringum eða athugasemdum félagsins við erindið.

##### 2.

Svar Stjórnugríss barst stofnuninni með tölvupósti, mótt. 3. janúar 2024.



Í svari félagsins kom fram að Stjórnugrís hafi verið leiðandi í framleiðslu á grísakjöti og sé stolt af því að selja íslenskt grísakjöt, sem félagið hafi auglýst sem slíkt í gegnum árin. Það komi toppar í sölu á sumum pörtum af svíni sem veldur því að félagið þurfi að bæta við birgðum hjá sér með kaupum á erlendu kjöti til að uppfylla kröfur kaupanda. Það sé einungis brot af framleiðslu félagsins. Í sumar hafi félagið þurft að kaupa grísarif frá Þýskalandi. Félagið sé með fleiri tegundir af rifjum til sölu, t.d. Fabrikkurif, og þar sem ekki sé um að ræða fánarönd á pakkningum.

Fyrir mistök hafi erlend grísarif verið sett í þær umbúðir sem málið varðar. Á miðanum sjáist að félagið hafi ekki verið að fela upprunaland í innihaldslýsingu. Ekki nokkur maður hafi tekið eftir þessu hjá félaginu fyrr en ábending stofnunarinnar hafi borist þann 18. desember 2023. Um leið og ábendingin hafi borist hafi félagið farið yfir alla ferla hjá sér til að koma í veg fyrir sambærileg mistök.

Félagið harmi þessi mistök og muni læra af þeim og passa betur að þetta komi ekki fyrir aftur.

Með tölvupósti, sendum 9. janúar 2024, tjáði Neytendastofa félaginu að stofnuninni þætti ekki vera tilefni til frekari gagnaöflunar og lýsti því yfir að málið yrði tekið til ákvörðunar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

## II.

### Niðurstaða

#### 1.

Mál þetta lýtur að notkun Stjórnugríss hf. á þjóðfána Íslendinga við markaðssetningu á Baby back grísarifjum. Á umbúðum fyrir umrædda vöru var í efra hægra horni framhliðar umbúðanna að finna áberandi vísan til brots úr þjóðfána Íslendinga þrátt fyrir að á miða á bakhlið umbúðanna mátti finna tilvísun til þess að upprunaland væri Þýskaland. Taldi stofnunin að slík misvísandi skilaboð kynnu að fela í sér villandi upplýsingagjöf til neytenda sem kynni að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að versla með umrædda vöru auk þess sem til álita kæmi hvort fyrirtækinu væri heimilt að nota þjóðfána Íslendinga á umbúðum vörunnar. Á þeim grundvelli sendi stofnunin erindi til félagsins þar sem vísað var til 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 3. – 5. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1994, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, auk ákvörðunar Neytendastofu nr. 19/2023 *Þjóðfáni Íslendinga á umbúðum Stjórnugríss hf.*

Í svörum félagsins var m.a. tekið fram að um mistök hafi verið að ræða og að innri ferlum hafi verið breytt til að koma í veg fyrir að mistök sem þessi endurtækju sig. Vísaði félagið jafnframt til þess að í ákveðnum tilfellum þyrfti félagið að versla ákveðna hluta kjöts að utan til að koma til móts við kröfur viðskiptavina.



## 2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða.

Í 5. gr. Er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“*

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er lítið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. er kveðið á um að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a. – g. lið 1. mgr. ákvæðisins eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í erindi Neytendastofu var vísað til b. liðar en þar segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

*„helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar [...]“*

Um þýðingu framangreinds ákvæðis segir síðan um b. lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2005/29, sem var innleidd á Íslandi sem framangreindur b. liður 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, að ákvæðið eigi við um villandi eða rangar upplýsingar um:

*„helstu einkenni vörunnar, t.d. hvort hún er tiltæk, ávinning af henni, áhættu, framkvæmd, samsetningu, fylgihluti, aðstoð við viðskiptavin og meðferð kvartana*



*eftir sölu, framleiðsluaðferð og dagsetningu framleiðslu eða tilbúinnar vöru, afhendingu, hve vel varan þjónar tilgangi sínum, notkun, magn, gæðalýsingu, landfræðilegan eða viðskiptalegan uppruna eða þann árangur sem vænta má af notkun hennar eða niðurstöður og mikilvæg einkenni prófana eða athugana sem gerðar eru á vörunni [...]*“

Ákvæðið felur ekki í sér skyldu til að tilgreina uppruna vöru en leggur bann við því að neytendum séu veittar villandi eða rangar upplýsingar um uppruna hennar.

Í lögum nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, er að finna ákvæði sem fjalla um heimild fyrirtækja til notkunar íslenska fánans í markaðssetningu. Í 3. mgr. 12. gr. laganna kemur fram að fyrirtækjum sé heimilt að nota hinn almenna þjóðfána, m.a. á umbúðir, sé vara sú sem á í hlut íslensk og fánanum ekki óvirðing gerð. Í 4. mgr. 12. gr. segir síðan að vara telst íslensk ef hún er:

*„a. framleidd hér á landi úr innlendu hráefni,  
b. framleidd hér á landi úr innfluttu hráefni að hluta eða öllu leyti, enda hafi hún hlotið nægilega aðvinnslu hérlendis.“*

Í 5. mgr. 12. gr. segir þó um b. lið 4. mgr:

*„Þrátt fyrir b-lið 4. mgr. telst vara ekki íslensk ef hún er framleidd úr innfluttu hráefni sem telst vera einkennandi hluti vörunnar og er eðlislíkt:  
a. búvöru, þ.m.t. afurðum eldisfiska, sem er ræktuð hér á landi,  
b. vöru sem er framleidd hér á landi á garðyrkjubýli, gróðrarstöð eða garðyrkjustöð,  
c. nytjastofnum sjávar sem veiddir eru af íslenskum skipum innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.“*

### 3.

Varðar mál þetta framsetningu upplýsinga á umbúðum Stjórnugríss og væntingar neytenda til hráefnisins á grundvelli þeirra upplýsinga, ásamt því hvort um ólögmæta notkun á þjóðfána Íslendinga hafi verið að ræða. Kemur þannig til álita hvort framsetning upplýsinga á umbúðum vörunnar hafi verið þess eðlis að birting þjóðfánans á umbúðum hennar hafi falið í sér að neytendur mættu með réttu ætla að um íslenska vöru væri að ræða og framsetningin þ.a.l. villandi.

Í máli þessu er ekki um það deilt að félagið merkti vöru sína með broti úr íslenska fánanum þrátt fyrir að upprunaland umræddrar vöru hafi verið Þýskaland. Í svari sínu tók félagið fram að fyrir mistök hafi erlend grísarif verið settar í pakkningar merktum íslenska fánanum.



Útlit umbúðanna er þannig að í efra hægra horni á framhlið umbúðanna er að finna brot af einhverri hlið þjóðfánans þar sem finna má það sem virðist vera nákvæmt hlutfall af bláum, hvítum og rauðum eins og um sé að ræða enda á krossi þjóðfánans, ásamt bláum lit. Telur stofnunin það vera beina tilvísun til þjóðfána Íslendinga þrátt fyrir að aðeins sé notað brot úr honum og því er það mat stofnunarinnar að ákvæði laga nr. 34/1944 eigi við í málinu. Eins og áður greinir er um að ræða innflutt grísakjöt frá Þýskalandi. Að mati stofnunarinnar er því ljóst að um sé að ræða vöru sem sé eðlislík búvöru sem er ræktuð hér á landi og að hún sé einkennandi hluti vörunnar, sbr. a. liður 5. mgr. 12. gr. laganna. Umrædd vara uppfyllir því hvorki skilyrði a. né b. liðar 4. mgr. 12. gr. svo vara geti talist íslensk. Á þeim grundvelli er það mat stofnunarinnar að ekki sé til staðar heimild til að nota þjóðfána Íslendinga eða brot úr honum við markaðssetningu vörunnar.

Þá kemur til skoðunar hvort notkun brots úr þjóðfánum hafi falið í sér viðskiptahætti sem gætu talist brot gegn 1. mgr. 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr. eða 2. mgr. sömu greinar, sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Eins og áður hefur verið greint frá var b. liður 1. mgr. 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2005/29 innleiddur hér á landi sem téður b. liður 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Í ákvæði tilskipunarinnar er sérstaklega tekið fram að bannið varði villandi upplýsingar um m.a. landfræðilegan og viðskiptalegan uppruna auglýstrar vöru. Í máli þessu liggur fyrir að félagið notaði brot úr þjóðfána Íslendinga á framhlið umbúða sinna með áberandi hætti í efra hægra horni þeirra. Tilvísun félagsins til upprunalands vörunnar var á bakhlið umbúðanna innan um upplýsingar um heimilisfang félagsins og geymslu hitastig, og í sama letri og leturstærð. Eins og umbúðir félagsins eru uppsettar gefur framhlið þeirra til kynna að um vöru sé að ræða sem sé einungis unnin úr íslensku grísakjöti enda leiðir að mati Neytendastofu notkun á þjóðfánum eða litum og/eða litasamsetningu sem veita hinum almenna neytanda þau hughrif að um þjóðfánann sé að ræða, til þess að neytendur megi ganga út frá því að varan sé íslensk. Við ákvörðun um kaup hefðu neytendur þ.a.l. réttilega mátt álykta sem svo að um íslenska vöru væri að ræða í skilningi 4. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944. Þegar lagt er heildarmat á útlit umbúðanna og með hliðsjón af öllu framangreindu telur stofnunin að með því að hafa brot úr þjóðfána Íslendinga á áberandi stað á framhlið umbúða fyrir grísarif voru neytendum veittar rangar upplýsingar um helstu einkenni vörunnar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Þá kemur fram í 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. að viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði III. kafla laganna séu alltaf óréttmætir.

Með því að birta brot úr þjóðfána Íslendinga með áberandi hætti í efra hægra horni á framhlið umbúða fyrir grísarif hefur Stjórnugrís þ.a.l. brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, ásamt 3. mgr., sbr. 4. mgr., 12. gr. laga nr. 34/1944.

Telur Neytendastofa rétt, með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, að banna Stjórnugrís hf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti.



#### 4.

Í ákvörðun Neytendastofu nr. 19/2023 frá 22. júní 2023 var komist að þeirri niðurstöðu að félagið hafi brotið gegn ákvæði 3. mgr., sbr. a. lið 5. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944, ásamt 1. mgr. 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, með því að birta brot úr þjóðfána Íslands framan á umbúðum fyrir Smass hamburgara sem félagið selur. Eru ákvörðunarorð þeirrar ákvörðunar svohljóðandi:

*„Stjörnugrís hf., Vallá, 162 Reykjavík, er óheimilt að birta brot úr þjóðfána Íslendinga á umbúðir fyrir Smass borgara frá félaginu á grundvelli 3. mgr., sbr. a. lið 5. mgr., 12. gr. laga nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið.*

*Stjörnugrís hf., Vallá, 162 Reykjavík, hefur með því að birta brot úr þjóðfána Íslendinga á umbúðum sínum fyrir Smass hamburgara brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.*

*Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Stjörnugrís hf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“*

Samkvæmt b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.–VIII. kafla og fyrirmælum Neytendastofu, sbr. 21. gr. b. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið, fyrri ákvarðana stofnunarinnar um sambærileg brot félagsins og til þess að tryggja varnaðaráhrif, telur Neytendastofa rétt að leggja á stjórnvaldssekt í samræmi við sektarheimildir laganna, enda liggur fyrir í máli þessu að félagið hafi sannanlega birt brot úr þjóðfána Íslendinga framan á umbúðum fyrir Baby back grísarif þrátt fyrir ákvörðun Neytendastofu nr. 19/2023.

Með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum, umfangi brotsins, fyrri ákvörðunar stofnunarinnar gagnvart félaginu, og að teknu tilliti til meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, telur Neytendastofa rétt að leggja á Stjörnugrís hf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 500.000 kr. (fimm hundruð þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Stjörnugrís hf., Vallá, 162 Reykjavík, er óheimilt að birta brot úr þjóðfána Íslendinga á umbúðir fyrir innflutt grísarif á grundvelli 3. mgr., sbr. a. liðar 5. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið.**



**Stjórnugrís hf., Vallá, 162 Reykjavík, hefur með því að birta brot úr Þjóðfána Íslendinga á umbúðum sínum fyrir grísarif sem eru innflutt frá Þýskalandi brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.**

**Með vísan til heimildar í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Stjórnugrís hf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 500.000 kr. (fimm hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.**

**Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Stjórnugrís hf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“**

Neytendastofa, 13. febrúar 2024

Þórunn Anna Árnadóttir  
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir